




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 16. júní 2021  
R21060150  
6200  
ívs

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga Elísabetar Láru Gunnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skólasund verði gert að valfagi í grunnskólum Reykjavíkurborgar ef nemandi stenst stöðupróf á unglíngastigi***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Elísabetar Láru Gunnarsdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að gera sund að valfagi á unglíngastigi að því gefnu að nemandi hafi staðist stöðupróf um grunnhæfniviðmið skólasunds. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaárs 2021-2022.

**Greinargerð:**

Margir unglíngar á efsta stigi grunnskóla hafa það á tilfinningunni að þeir hafi þegar snemma á unglíngastigi þá hæfni sem hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla segja að þeir þurfi að hafa í lok 10. bekkjar. Með möguleika á því að taka stöðupróf og hætta fyrir í skólasundi gætu unglíngar ræktað sína styrkleika í öðru sem þeir velja sjálfir, en valgreinar eru hluti af skyldunámi á unglíngastigi eins og kemur fram í aðalnámskrá.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið

Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.